

Reglur um afslátt af fasteignaskatti hjá tekjulithum elli- og örorkulífeyrisþegum hjá Akureyrarbæ árið 2023.

I. *Tekjutengdur afsláttur, 127.100 krónur.*

1. gr.

Elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili á Akureyri, Hrísey eða Grímsey er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Akureyrar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Afslátturinn er tekjutengdur sbr. 4. og 5. grein.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur með lögheimili á Akureyri, Hrísey eða Grímsey sem búa í eigin íbúð og:

- a) eru 67 ára á árinu eða eldri eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2023.

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

Rétt til afsláttar eiga einnig íbúðareigendur með lögheimili á Akureyri, Hrísey eða Grímsey vegna húsnædis á Akureyri sem lagt er á skv c. lið. 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og uppfylla að öðru leiti skilyrði um afslátt af fasteignaskatti skv. reglum þessum, þrátt fyrir að þeir séu ekki með lögheimili í húsnæðinu. Skilyrði er að húsnæðið sé eingöngu nýtt í eigin þágu, s.s. til tómstundaiðkunar. Réttur þess er ekki til staðar ef atvinnustarfsemi fer fram í húsnæðinu eða húsnæðið er leigt út.

3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr.

Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að 127.100 krónur en getur aldrei orðið hærri en álagður fasteignaskattur. Afsláttur af fasteignaskatt skv. 2. mgr. 2. gr. getur að hámarki numið 10.000 krónum.

Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna ársins 2021, samkvæmt skattframtali 2021. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

- a) með tekjur allt að kr. 5.168.000 fullur afsláttur skv. 4. gr.
- b) með tekjur yfir kr. 6.459.000, enginn afsláttur.

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

- a) með tekjur allt að kr. 6.918.000, fullur afsláttur skv. 4. gr.

b) með tekjur yfir kr. 9.048.000, enginn afsláttur.
Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

II. Breyting á högum umsækjenda.
6. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er fjárreiðudeild heimilt að víkja frá 2. og 5. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s.:

- a) þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.
- b) ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- c) einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð, sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmennum.

Lækkun samkvæmt þessari grein skal staðfest af sviðsstjóra fjársýslusviðs.

III. Umsókn.
7. gr.

Afsláttur samkvæmt 1. mgr. 2. gr., 4. og 5. gr. til elli- og örorkulífeyrisþega skal reikna við álagningu og er birtur á álagningarseðli.

Telji íbúðareigandi sig ekki fá afslátt sem hann á rétt á skv. reglum þessum eða 2. mgr. 2. gr., skal hann sækja um afslátt af fasteignaskatti í þjónustugátt Akureyrarbæjar. Með umsókn skal skila afriti af skattframtali síðastliðins árs, (tekjur ársins 2021) staðfestu af skattstjóra ásamt örorkuskirteini þegar það á við. Íbúðareigandi sem ekki hefur tök á að senda inn rafræna umsókn skal koma í Ráðhúsið, Geislagötu 9 og óska eftir aðstoð við umsóknina.

Umsóknarfrestur er til 20. desember 2023.

IV. Málskotsréttur og endurupptaka máls.
8. gr.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun hlutaðeigandi starfsmanna til bæjarráðs. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun sviðsstjóra fjársýslusviðs.

9. gr.

Hægt er að óska eftir endurupptöku máls ef ákvörðun sviðsstjóra fjársýslusviðs hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi tekur bæjarráð erindið til efnislegrar meðferðar.

10. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar endurskoðar tekjumörk í desember ár hvert.

Samþykkt í bæjarstjórn þann 5. desember 2017

Samþykkt í bæjarstjórn þann 20. febrúar 2018

Samþykkt í bæjarstjórn þann 11. desember 2018

Samþykkt í bæjarstjórn þann 17. desember 2019

Samþykkt í bæjarstjórn þann 15. desember 2020

Samþykkt í bæjarstjórn þann 14. desember 2021

Samþykkt í bæjarstjórn þann 6. desember 2022